

Þingmaður hefur beðið um utandagskrárumræðu:

## Sértrúarsöfnuðir ræddir á Alþingi

„Ég hef beðið um utandagskrárumræðu á Alþingi til að ræða þá stöðu sem upp er komin, að geðsjúkir og bágstaddir séu að lenda í klóm þessara safnaða,“ sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, við DV í gær. Alþingismaðurinn kvaðst myndu beina spurningum til viðkomandi ráðherra, hvernig fyrirhugað væri að taka á þessari alvarlegu stöðu sem upp væri komin, þar sem forráðamenn Geðhjálpar hefðu talið tilefni til að kæra tiltekin mál, sem vörðugu afskipti sértrúarsafnaða af geðsjúkum, til lögreglunnar.

DV hefur fjallað um samskipti forráðamanna sértrúarsafnaða og safnaðarmeðlima að undanfögnu. Málið var opnað með viðtali við fyrrum safnaðarmeðlim Omega-safnaðarins sem hafði gefið söfnuðinum aleiguna og meira til. Í kjöl-



Ásta R.  
Jóhannesdóttir.

farið streymdi fjöldi kvartana og frásagna á sömu nótu til Geðhjálp. Forráðamenn þeirra samtaka brugðust skjótt við og sendu erindi bæði til landlæknisembættisins og heilbrigðisráðherra þar sem óskað var rannsóknar á því hvort svokölluð frjáls trúfélög væru að misnota aðstæður geðsjúks fólks. Jafnframt bað Geðhjálp embættin að kanna hvort og þá hvernig hægt væri að bregðast við þessu með lagaheimildum.

Áfram héldu gögnin að hlaðast upp hjá Geðhjálp og á fundi sínum í fyrrakvöld ákvað stjórn samtakanna að kæra tiltekin mál, sem hún hefur skjalfest undir höndum, til lögreglunnar. Stjórnin hefur jafnframt hvatt þá sem telja sig hafa beðið skaða af samskiptum sínum við sértrúarsöfnuði að hafa samband við Geðhjálp.

-JSS